

5. fundur í framkvæmdanefnd kirkjupings 2023-2024, 23. janúar 2024

Mætt voru: Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir launakostnað 2023
 - a. BG gerði grein fyrir launakostnaði ársins 2023.
2. Desjamýri – úttektarskýrsla
 - a. BG lagði fram úttektarskýrslu vegna Desjamýrar og minnisblað um málið.
 - b. Ákveðið að fá verðmat á jörðina.
3. Bótakrafa
 - a. BG lagði fram bótakröfu sem Þjóðkirkjunni hafði borist í kjölfar úrskurðar kæruneftsmála.
 - b. Lögmanni rekstrarstofu falið að vinna erindið áfram.
4. Skýrsla starfshóps um vinnutíma og bakvaktir og fyrirkomulag greiðslna fyrir tiltekin prestverk
 - a. Framkvæmdanefnd hafði borist umsagnarbeiðni um ofangreinda skýrslu og var hún rædd.
 - b. Nefndin er í grunninn jákvæð fyrir tillögunum og felur lögmanni rekstrarstofu að útbúa drög að umsögn. Skulu drögin berast nefndinni fyrir vikulok og verður hún send starfshópnum fyrir næsta fund hans.
5. Málefni Reykhóltsstaðar
 - a. BG gerði grein fyrir stöðu á uppgjöri við fyrrum ábúanda á Reykholti. Var rekstrarstofu falið að vinna málið áfram.

Á fund nefndarinnar mættu Ragnhildur Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri biskupsstofu og Drífa Hjartardóttir forseti kirkjupings.

6. Húsnæðismál Þjónustumiðstöðvar
 - a. BG gerði grein fyrir mögulegu húsnæði undir þjónustumiðstöðina.
 - b. Var málinu frestað til næsta fundar og verða fulltrúar starfshóps um framtíðarhúsnæði boðuð á fundinn.
7. Önnur mál
 - a. DH gerði grein fyrir fyrirkomulagi biskupskosninga.

Véku Ragnhildur og Drífa af fundinum að dagskrárliðnum loknum.

- b. AG ítrekaði fyrirspurn frá fyrra fundi um sundurliðun á kostnaði í Skálholti. Ákveðið að boða formann stjórnar á fund nefndarinnar og fara yfir málefni Skálholts heildstætt á síðari fundi og BG mun taka saman rekstraryfirlit vegna staðarins.
- c. AG óskaði eftir að fulltrúi unga fólksins yrði boðaður á fund og verður það gert þegar færi gefst til. Sama á við um fulltrúa úthlutunarnefndar Kristni- og Jöfnunarsjóðs.

Næsti fundur ákveðinn 6. febrúar 2024 kl. 9:00.

Fundargerð var lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:38.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.